

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr.53 27.febrúar 1976 um mannflutninga í loftförum, sbr. gr. nr. 293/1979, 443/1979 og 251/1984 um breytingar á henni.

1. gr.

Við grein 4.1 bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Frá og með 1. apríl 1993 eru ekki heimilar reykingar í flugi með farþega milli Íslands og annarra Evrópulanda.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. janúar 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.